

Norðurþing
Ketilsbraut 7-9
640 Húsavík

Garðabær, 4. júlí 2024
Málsnúmer: 202405-0037/38
IAS

Efni: Breyting á aðalskipulagi vegna iðnaðarsvæðis í landi Akursels og deiliskipulagi vegna fiskeldis á Núpsmýri í Öxarfirði

Við er í tvö erindi frá Norðurþingi, dagsettu 23. maí 2024, þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar vegna breytinga á aðal- og deiliskipulagi.

Fram kemur að breytingin nær til um 100 ha svæðis og er markmiðið að stækka fiskeldið úr 1600 tonnum í 3000 tonn. Samhliða er lögð áhersla á að endurnýta vatn og draga úr frumdælingu vatns. Í landi Akursels verður sjótökuhús endurnýjað, byggðir fiskmykjutankar, vélageymsla og gert er ráð fyrir borholusvæði. Þá verður heimilt að endurnýja núverandi göngubrú og hún útbúin fyrir fjórhjól og gangandi umferð til að sinna starfsemi.

Náttúrufræðistofnun hefur kynnt sér breytingarnar og vill koma eftirfarandi ábendingum á framfæri.

Fyrst skal nefnt að Náttúrufræðistofnun gaf ítarlega umsögn þegar skipulags- og matslýsing vegna deiliskipulags Akursels var kynnt og eiga ábendingar sem þar komu fram enn við en þá umsögn má sjá [hér](#). Sú umsögn tók einnig til annarra fyrirhugaðra framkvæmda á landi Akursels og því eru hér á eftir ítrekuð atriði er taka til stækkunar fiskeldisins.

Nokkuð þétt varp svartbaks er að finna á norðausturodda sandsins við Araós og á Oddsnesi. Á valista fugla 2018 er svartbakur skilgreindur sem tegund í hættu og því mikilvægt að vernda varpstöðvar hans. Væntanleg sjótaka Samherja fiskeldis ehf og framkvæmdir á borholusvæði gætu haft áhrif á varp svartbaks á Oddsnesi og afla þarf nýrra gagna um stöðu varpsins þar til að leggja uppfært mat á hversu afdrifaríkt slíkt rask getur orðið. Þá er mikilvægt að framkvæmdir verði utan varptíma til að lágmarka áhrif á varpfugla.

Á Austursandi eru gasaugu á landi sem er frekar óalgengt og ekki er vitað hvort aukin nýting jarðhita fyrir fiskeldið komi til með að hafa áhrif á þau. Því er mikilvægt að gasaugun verði vöktuð svo hægt verði að grípa til aðgerða ef nýtingin hefur neikvæð áhrif. Hverir og aðrar heitar uppsprettur ásamt lífríki sem tengist þeim og virkri ummyndun og útfellingum, þar á meðal hrúðri og hrúðurbreiðum, njóta sérstakrar verndar samkvæmt 61. gr. náttúruverndarlaga (60/2013).

Gera þarf betur grein fyrir losun eða förgun lífrænna efna sem skapast við fiskeldið (mykjutankur) og áhrif þess á lífríki svæðisins í sjó og á landi.



Náttúrufræðistofnun áskilur sér rétt til að koma að frekari athugasemdum á síðari stigum málsins

Virðingarfyllst,

A handwritten signature in blue ink that reads "Ingvar Atli Sigurðsson". The signature is fluid and cursive, with a long horizontal stroke at the end.

Ingvar Atli Sigurðsson
jarðfræðingur

